



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1253

FUNDARBOÐ

**1253. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
25. apríl 2017 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1704092 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2016 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2016, A- hluti, lagður fram til kynningar og fyrri umræðu.

1.1 Aðalsjóður

1.2 Eignasjóður

1.3 Byggðasafn

1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

Rekstrarniðurstaða A-hluta, fyrir óreglulega liði, er jákvæð um 152,9 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 93,2 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta, eftir óreglulega liði þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindingar Höfða, er jákvæð um 122,9 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 66,6 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í þús.króna 615.179 en nam kr. 808.379 árið 2015.

Skuldaviðmið er 62,0% en var 75,0% árið 2015.

EBITDA framlegð er 4,3% en var 6,6% árið 2015.

Veltufé frá rekstri er 16,4% en var 13,4% árið 2015.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 99% en var 104% árið 2015.

Eiginfjárhlutfall er 55% og var einnig 55% árið 2015.

Veltufjárhlutfall er 1,8 en var 1,3 árið 2015.

Bæjarráð staðfesti ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. verði samþykktir.

2. **1704093 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2016 - B hluti**

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2016, B- hluti, lagður fram til kynningar og fyrri umræðu.

2.1 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.

2.2 Gáma

2.3 Háhiti ehf.

2.4 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Rekstrarniðurstaða B-hluta, fyrir óreglulega liði þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða, var neikvæð um 32,6 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 48,5 mkr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða B-hluta, eftir óreglulega liði þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða, var jákvæð um 892,2 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 936,4 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Bæjarráð staðfesti ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis verði samþykktir.

3. **1704094 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2016 - samstæða**

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2016, lagður fram til kynningar og fyrri umræðu.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, fyrir óreglulega liði þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða, var jákvæð um 120,3 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 44,7 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, eftir óreglulega liði þ.e. uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða, var jákvæð um 1.015,1 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 1.003,1 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í þús.króna 1.235.960 en nam kr. 411.512 árið 2015.

Skuldaviðmið er 62,0% en var 84,0% árið 2015.

EBITDA framlegð er 3,9% en var 4,3% árið 2015.

Veltufé frá rekstri er 14,6% en var 11,9% árið 2015.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 94% en var 116% árið 2015.

Eiginfjárhlutfall er 53% en var 45% árið 2015.

Veltufjárhlutfall er 1,7 en var 1,3 árið 2015.

Bæjarráð staðfesti samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn að reikningurinn verði samþykktur.

4. 1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting / íbúafundur

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. apríl 2017, var lögð fram tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félaga ehf., dags. 30. mars 2017, að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 þar sem gert er ráð fyrir breyttri landnotkun á Sementsreit.

Lýsing vegna breytingarinnar var kynnt í febrúar 2017 og haldinn um hana almennur kynningarfundur 16. febrúar. Nokkrar umsagnir bárust og var tekið mið af þeim við frágang breytingartillögunnar eftir því sem við átti.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði auglýst til kynningar í samræmi við, 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða tillögum að breyttu deiliskipulagi svæðisins.

5. 1604011 - Deilisk. - Sementsreitur

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. apríl 2017, var lögð fram tillaga Ask arkitekta, dags. 31. mars 2017, að nýju deiliskipulagi fyrir Sementsreit ásamt greinargerð, húsakönnun og öðrum skýringargögnum.

Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags á Sementsreit var kynnt í febrúar 2017 og haldinn um hana almennur kynningarfundur 16. febrúar. Á kynningarfundu var jafnframt farið yfir drög að nýju deiliskipulagi við Sementsreit.

Nýtt deiliskipulag tekur yfir hluta deiliskipulags Akraneshafnar sbr. deiliskipulagsuppdrátt sem staðfestur var af félagsmálaráðherra þann 13. október 1987. Skipulagsmörkum í því deiliskipulagi verður breytt til samræmis við nýtt deiliskipulag við Sementsreit.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan, ásamt breytingu á deiliskipulagi sem staðfest var af félagsmálaráðherra þann 13. október 1987, þar sem skipulagssvæði þess er minnkað um sama svæði og fellur undir hið nýja skipulag, verði auglýstar samhliða til kynningar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 1704025 - Deilisk.br. - Akraneshöfn

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. apríl 2017, var fjallað um mörk deiliskipulaga milli Sementsreits og Hafnarsvæðis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsmörkum á deiliskipulagi Akraneshafnar sem staðfest var af félagsmálaráðherra þann 13. október 1987 verði breytt til samræmis við nýtt deiliskipulag Sementsreits. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingar skal vera skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðir til kynningar

- 7. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð**
3207. fundargerð bæjarráðs frá 19. apríl 2017.

- 8. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisráð**
60. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 18. apríl 2017.

- 9. 1701007 - Fundargerðir 2017 - skóla- og frístundaráð**
59. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 18. apríl 2017.

- 10. 1701006 - Fundargerðir 2017 - velferðar- og mannréttindaráð**
57. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 22. mars 2017.
58. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. apríl 2017.

- 11. 1701010 - Fundargerðir 2017 - Höfði**
72. fundargerð stjórnar Höfða frá 10. apríl 2017.

21. apríl 2017
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.